


1.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíku



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir tímabilið janúar - júní 2026 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld eftirlitsins voru 157 m.kr. eða 34 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 27,9%.

Tekjur voru 61 m.kr. sem var 33 m.kr. undir áætlun tímabilsins eða um 35,0%. Tekjur **matvælaeftirlits** voru 15 m.kr. undir áætlun og tekjur **umhverfiseftirlits** voru 17 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Frávikin eru einkum vegna lægri tekna af eftirlitsgjöldum.

Laun og launatengd gjöld námu 196 m.kr. sem var 2 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 0,9%.

Annar rekstrarkostnaður nam 22 m.kr. og var jafn fjárheimildum tímabilsins.

Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	61	93	-33	-35,0%
Laun og launat. gj.	-196	-194	-2	0,9%
Annar rekstrark.	-22	-22	0	-1,1%
Nettó útgjöld	-157	-123	-34	27,9%

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	0	0	0	-20	-18	-1	-3	-5	3	-22	-24	2	-6,9%
Matvælaeftirlit	32	48	-15	-75	-75	1	-10	-10	-1	-53	-37	-16	42,3%
Umhverfiseftirlit	28	45	-17	-85	-84	-1	-3	-3	0	-59	-41	-19	45,5%
Vöktun	0	0	0	-17	-17	0	-6	-5	-1	-23	-21	-2	7,6%
Samtals	61	93	-33	-196	-194	-2	-22	-22	0	-157	-123	-34	27,9%